



Borgarráð

Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090039

## Viljayfirlýsing um samstarf um opnun nýs leikskóla á háskólasvæðinu

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagða viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta um samstarf um opnun nýs leikskóla á háskólasvæðinu. Samhliða viljayfirlýsingu þessari veitir Reykjavíkurborg Félagsstofnun Stúdenta lóðarvilyrði fyrir lóð við Þorragötu til allt að þriggja ára, með fyrirvara um gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðina.

Einar Þorsteinsson  
*borgarstjóri*

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um samstarf um opnun nýs leikskóla á háskólasvæðinu.



Reykjavík

Undirritaðir aðilar, annars vegar Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, Háskólatorgi Sæmundargötu 4, 102 Reykjavík, („FS“) og hins vegar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, („Reykjavíkurborg“) (í sameiningu nefndir „aðilar“), gera með sér eftirfarandi

## **viljayfirlýsingu**

um samstarf um opnun nýs leikskóla á háskólasvæðinu. Aðilar munu sameiginlega láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir lóð fyrir byggingu leikskóla við Þorragötu. Samhliða viljayfirlýsingu þessari veitir Reykjavíkurborg FS lóðarvilyrði fyrir lóð við Þorragötu til allt að þriggja ára, með fyrirvara um gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðina.

FS lýsir yfir vilja til að byggja og reka 7-8 deilda leikskóla fyrir um 120 börn á svæðinu. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að veita rekstrarleyfi fyrir nýjum leikskóla FS með þjónustusamningi sem taki mið af gildandi samningi um rekstur ungbarnaleikskólans Sólgarðs sem FS rekur og að uppfylltum skilyrðum laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi leikskóla FS. Þar verði kveðið á um forgang háskólastúdenta að innritun í væntanlegan leikskóla og samskonar ákvæði og í fyrrnefndum samningi um greiðslur sem taka mið af aldri barna. Aðilar stefna að því að að skipulagsferli og hönnun leikskólans hefjist á haustmánuðum 2024, framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2025 og verði stefnt að því að þeim ljúki eigi síðar en um haustið 2026.

FS lýsir yfir vilja til að byggja á efri hæðum stúdentaíbúðir fyrir fjölskyldufólk í námi. Með því næst mikil hagkvæmni í verkefnið og mun draga úr umferð við leikskólann þar sem foreldrar geta vistað börn sín á leikskólanum.

Aðilar munu á fyrri stigum hönnunarferilsins eiga samráðsfundi um megin þætti er varða útfærslu leikskólans. Ekki er ráðgert að funda eftir að eiginleg verk- og tæknihönnun er hafin enda ekki um að ræða breytingar á fjölda deilda og þ.a.l. barna sem leikskólinn muni þjóna. Ef til slíkra breytinga gæti komið skulu fulltrúar FS upplýsa Reykjavíkurborg um það og ástæður breytinga.

Reykjavík \_\_\_\_\_ 2024

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Félagsstofnunar stúdenta